

# Eystrahorn

10. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 11. mars 2021

www.eystrahorn.is

## Líf færir yfir

Gaman er að segja frá því að starfið í kirkjunni er að komast í réttan farveg og til marks um það er starf fermingarfræðslunnar. Í síðustu viku fengu íbúar Hafnar miða um lúguna hjá sér sem að fermingarbörn í Bjarnanesprestakalli báru út. Fólki var boðið að styrkja vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar. Venjan hefur verið að undanfarin ár hafa fermingarbörn gengið í hús með bauka en í ár var það með öðru sniði vegna Covid-19. Við hvetjum íbúa sveitarfélagsins eindregið til að styrkja verkefnið.

Að öðru starfi í kirkjunni er það að segja að það hefur farið vel af stað. Kórastarf ásamt starfi félagasamtaka sem hafa aðgang að kirkjunni er að komast í eðlilegt horf. Foreldramorgnar eru á hverjum fimmtudegi kl. 10 og þar hittast foreldrar með ung börnin sín og ræða heimsins mál. Samverustundir á hjúkrunarheimilinu með prestum eru hafnar á ný, við gleði íbúanna sem og prestanna.

Messur eru hafnar og sunnudagaskólinn hefur blómstrað og vakið mikla kátínu meðal barnanna. Hvetjum við



alla til að koma að eiga skemmtilega samverustund. Kyrrðarstundir hafa verið haldnar á föstunni annan hvern fimmtudag og næsta stund verður 18. mars kl. 18:15. Þetta eru stuttar og rólegar stundir sem gott er að nýta til íhugunar, uppbyggingar og trúarstyrkingar.

Á næsta leiti eru fermingar í dymbilvikunni. Þá mun stór hluti fermingarhópsins játa því að gera Jesú Krist að leiðtoga lífsins og restin af hópnum mun gera það þegar nær dregur sumri. Páskahelgihald verður með hefðbundnu sniði og verða hátíðarmessur í kirkjum

prestakallsins. Dagskrá verður auglýst síðar. Við hvetjum fólk til að fylgjast með á heimasíðu prestakallsins og á samfélagsmiðlum.

Facebook: *Bjarnanesprestakall*

Instagram: *Hafnarkirkja*

Youtube: *Hafnarkirkja*

[www.bjarnanesprestakall.is](http://www.bjarnanesprestakall.is)

Vilji fólk vita meira um starf kirkjunnar eða óski eftir viðtalstíma er hægt að hafa samand í síma 894-8881.

*Með kærleikskveðju  
sr. Gunnar Stígur og  
sr. María Rut*



### Fermingarbörn safna fyrir vatnsverkefnum í Afríku

Börn í fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar komu með þennan miða til þín í stað þess að banka upp á með söfnunarbauk Hjálparstarfs kirkjunnar. Fermingarbörnin í hverfinu þínu gefa þannig tíma sinn og fá tækifæri til að láta gott af sér leiða þrátt fyrir heimsfaraldur.

Þú getur lagt þitt af mörkum með stöku framtagi með því að:

- leggja upphæð að eigin vali inn á styrktarreikning nr. 0334-26-50886, kt. 450670-0499.
- hringja í söfnunarsímann 907-2003 og greiða 2.500 kr. með næsta símanekningi.
- aura í 123-5284400 og gefa upphæð að eigin vali til verisafna Hjálparstarfs kirkjunnar.
- greiða upphæð að eigin vali með greiðslukorti á heimasíðu okkar [www.hjalparstarfkirkjunnar.is](http://www.hjalparstarfkirkjunnar.is).

Takk fyrir djúrmætan stuðning!

Hjálparstarf kirkjunnar **actiance**



*Húsgagnaval*

*Húsgögn og gjafavörur*

**Margt fallegt og nytsamlegt fyrir fermingarbarnið**  
Rúm, rúmgaflar, náttborð, rúmföt, lampar, vekjaraklukkan, útvörp  
speglar ofl í herbergið

Útivist: tjald, svefnpoki, bakpoki og fl.

**Opið virka daga frá kl. 13:00-18:00**

**Símar: 478-2535 / 898-3664**



## HAFNARKIRKJA

Sunnudaginn 14.mars  
Fjölskyldumessa kl. 11:00  
Sungnir verða léttir og  
þægilegir sálmar.  
Eftir messuna verður  
boðið uppá kaffi, djús og  
kex. Litir og myndir verða  
einnig í boði fyrir  
krakkana.

Allir velkomnir.

Munið sóttvarnareglur

Fræsum gólfhita í flest gólf  
Nánast ryklaust



**GÓLFHITA**  
**LAGNIR EHF**

Sími : 570-3700

[www.golfhitalagnir.is](http://www.golfhitalagnir.is)

Tengiliður á Höfn, Björgvin sími 857-8813

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



Í GANGI HJÁ FÉLAGINU NÚNA:

**MÁNUDAGAR:** Gönguferð -  
Þythökkí kl. 10:00, Snóker kl. 13:00.

**ÞRIÐJUDAGAR:** Boccia - Þythökkí  
kl. 10:00, Snóker - Spil - Skák kl. 13:00,  
Líkamsrækt kl. 16:00, Samæfing hjá  
Gleðigjöfum kl. 18:30.

**MÍÐVIKUDAGAR:** Gönguferð kl. 10:00 - Þythökkí  
- Handavinna - Smíðar - Snóker kl. 13:00.

**FIMMTUDAGAR:** Þythökkí kl. 10:00, Vatnsleikfimi í  
sundlaug kl. 14:30, Spil - Skák - Snóker kl. 13:00.

**FÖSTUDAGAR:** Boccia - Þythökkí kl. 10:00.  
Handavinna - Föndur - Snóker kl. 13:00,

**SAMVERUSTUND** annan hvern föstudag kl.  
17:00.

Allar sóttvarnareglur í gildi

### Húsnæði óskast

Fjölskylda óskar eftir 4-5 herbergja íbúð eða húsi til leigu  
sem fyrst.

Skilvísunum greiðslum heitið.

**Hafsteinn Ísaksen**

Farsími: 760-3720

[hafsteinn.isaksen@gmail.com](mailto:hafsteinn.isaksen@gmail.com)

### FÉLAGSVIST -FÉLAGSVIST !

Þriðja og síðasta kvöldið í félagsvist  
Félags harmonikuunnenda verður  
spilað í EKRU fimmtudagskvöldið  
18. mars kl. 20:00.

Munið grímuskylduna !



Félag harmonikuunnenda á Hornafirði

## FERMINGAR Í

### BJARNANESPRESTAKALLI 2021

Pálmásunnudagur

Kálfafellstaðarkirkja  
Friðrik Snær Friðriksson Borgarhöfn 6

Skírdagur

Hafnarkirkja  
Arney Hauksdóttir Hrísbraut 11  
Daniel Haukur Baldvinsson Hagaleira 5  
Jóhannes Adolf Gunnsteinsson Miðtún 21  
Sigursteinn Ingvar Traustason Hólbraut 8  
Sævar Óli Helgason Mánabraut 3  
Vignir Snær Borgarsson Holtsendi 2

Laugardagur fyrir páska

Hoffelskirkja  
Birkir Guðni Valdimarsson Hólbraut 12

Laugardagur fyrir páska

Hafnarkirkja  
Elín Ósk Óskarsdóttir Hrísbraut 3  
Emilía Anna Halldórsdóttir Vogabraut 2  
Hildur Sunna Einarsdóttir Smárabraut 5  
Karen Hulda Finnsdóttir Hrísbraut 4  
Sverrir Sigurðsson Sunnubraut 5

Hvítasunnudagur

Hafnarkirkja  
Patrekur Máni Ingólfsson Vogabraut 5  
Kári Hjaltason Mánabraut 6  
Fanney Rut Guðmundsdóttir Bugðuleira 6  
Auður Freyja Gunnlaugsdóttir Hafnarbraut 37

Sjómanna dagur

Bjarnaneskirkja  
Árný Erla Jónsdóttir Hæðagarður 19

18. júlí

Hafnarkirkja  
Anton Kristberg Sigurbjörnsson Sunnubraut 8

## Eystrahorn

### Styrktaraskrift

Viltu styðja við útgáfu  
Eystrahorns ?  
Kynntu þér málið á:  
[www.eystrahorn.is/  
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

## Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: ..... [tjorvi@eystrahorn.is](mailto:tjorvi@eystrahorn.is)

Prófarkalestur .... Guðlaug Hestnes

Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson


Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126



# Mikill fjöldi umsókna í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

Alls bárust sjóðnum 166 umsóknir. Annars vegar umsóknir um styrki til menningarverkefna og hins vegar atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna. Mun fleiri umsóknir voru um menningarverkefni að venju eða samtals 99 umsóknir. Fjöldi umsókna um atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna 67. Alls var sótt um rúmar 190 m.kr. Meðal fjárhæð sem sótt var um voru rúmar 1.100 þ.kr., um 1 m.kr. vegna menningarverkefna og um 1.400 þ.kr. vegna atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna. Til úthlutunar á árinu eru 80 m.kr. og ráðgert að úthluta að þessu sinni um 40 m.kr. Opnað var fyrir umsóknir fyrstu vikuna í febrúar og opið fyrir umsóknir fram til kl. 16:00 þann 2. mars síðast



liðinn eða í um 5 vikur. Haldinn var opinn kynningarfundur í beinu steymi með þátttöku um 50 manns í upphafi umsóknarferils.

Tilkynnt verður um úthlutunina 29. mars með tölvupósti til umsækjenda

og listi yfir styrkþega birtur á heimasíðu SASS. Opnað verður fyrir seinna umsóknarferli sjóðsins fyrir árið 2021 í byrjun september með umsóknarfrest til 5. októbers.



## Menningarhátíð Sveitarfélagsins Hornafjarðar 12. mars kl. 17:00 í Nýheimum

Afhending styrkja, umhverfis- og menningarverðlauna Austur- Skaftafellsýslu 2021

### Dagskrá:

Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri ávarpar hátíðargesti

### Afhending styrkja bæjarráðs:

Ásgerður Gylfadóttir, formaður bæjarráðs

### Afhending styrkja úr Atvinnu- og rannsóknarsjóði:

Bjarni Óskar Stefánsson, aðalmaður í atvinnu- og menningamálanefnd

### Afhending styrkja Menningarmálanefndar:

Hólmfríður Bryndís Þrúðmarsdóttir, varaformaður atvinnu- og menningamálanefndar

### Tónlistartriði - Björg og Þorkell hita upp fyrir blúshátíð

### Afhending umhverfisviðurkenninga:

Finnur Smári Torfason, varaformaður umhverfis- og skipulagsnefndar

### Afhending styrkja fræðslu- og tómstundarnefndar:

Nejra Mesetovic, aðalmaður fræðslu- og tómstundarnefndar

### Afhending menningarverðlauna:

Kristján S. Guðnason formaður atvinnu- og menningamálanefndar

### Veitingar

Allir velkomnir og virðum sóttvarnareglur



Björg og Þorkell koma fram

# Rauðakrossdeild Hornafjarðar

Rauðakrossdeildin í Hornafirði vinnur að eftirfarandi verkefnum.

**Neyðarvarnir:** deildin er huti af neyðarvarnateymi sveitarfélagsins. Sjálfbóðaliðar í neyðarvörnum eru meðal annars tilbúnir að setja upp fjöldahjálparstöð og söfnunaraðstöðu aðstandenda þegar þörf er á í tengslum við stórslys eða náttúruhamfarir. Neyðarkerra er í Örafunum og vonandi kemur önnur á Höfn. Samstarf er á milli rauða kross deildarinnar og slysavarnafélagsins Framtíðin í neyðarvörnum. Sterkari og samheldnari hópur sem vinnur afskaplega þarft verk. Sjálfbóðaliðar fara á námskeið í neyðarvörnum.

**Viðbragðshópur:** þetta verkefni er sameiginlegt verkefni allra deilda á suðurlandi. Viðbragðshópurinn samanstendur af einstaklingum sem taka að sér verkefni í sálrænum stuðningi í tengslum við slys, áföll, bruna ofl. Viðbragðsaðilar fara á námskeið á vegum Rauða krossins og taka vaktir viku í senn.

**Fatagámar:** deildin er með einn fatagám á planinu við N1, við Vesturbraut. Reynt er að tæma hann vikulega og stundum þarf að gera það oftar, veðrið hefur þó oft hindrað tæmingu. Hægt er að fara með fatapoka beint á gámasvæðið hjá Gárunni í kassa sem eru inni í húsinu. Það sem þarf að hafa í huga þegar fót eru sett í fatagáminn eða á gámasvæðið er að loka vel fyrir pokana því oft eru fót á lausu inni í gámnum. Einnig hvetjum við fólk til að setja EKKI poka fyrir utan gámana, frekar að fara með þá á gámasvæðið ef fatagámurinn er fullur. Rauði krossinn er í samstarfi við gámasvæðið og Flytjanda. Það er í vinnslu hjá deildinni að fá fleiri fatagáma.

**Föt sem framlag/prjónað til góðs:** er í samstarfi við dagvist aldraðra í Ekru og einstaklinga út í bæ. Sjálfbóðaliðar prjóna fót sem send eru til bágstaddra ýmist innanlands eða erlendis.

**Heimanámsaðstoð:** var í boði um tíma en hefur verið sett í bið vegna dræmrar þátttöku.

**Tungumálakaffi:** er í samstarfi við Fræðslunetið og íslenskukennslu sem fram fer í FAS. Fólk af erlendum uppruna fær hér tækifæri til að hitta fólk sem talar íslensku og æfa sig í tungumálinu okkar og um leið að kynna fólkina á svæðinu.

**Brjótum ísinn-þjóðum heim:** sjálfbóðaliðar bjóða fjölskyldum af erlendum uppruna í mat heim til sín. Þetta er leið til að rjúfa einangrun og aðstoða við íslensku þjálfun. Sjálfbóðaliðar fara á námskeið.

**Heimsóknarvinnir:** um er að ræða heimsóknir til fólks sem vill fá einhverja til að spjalla við, fara út að ganga með, fá félagsskap. Okkur sárvantar sjálfbóðaliða í þetta verkefni. Sjálfbóðaliðar fara á námskeið.

**Bílavinnir:** um er að ræða að bjóða einstaklingum sem búa við einangrun í stutta bíltúra sem brýtur upp hversdaginn. Okkur sárvantar sjálfbóðaliða í þetta verkefni. Sjálfbóðaliðar fara á námskeið.

**Skyndihjálpar:** deildin býður upp á skyndi-



hjálpnámskeið fyrir sjálfbóðaliða og 10. bekk Heppuskóla. Einnig hefur deildin boðið annað slagð upp á opin námskeið sem eru þá auglýst. Einnig er hægt að gerast símavinur hjá Rauða krossinum. Þetta verkefni er liður í að rjúfa einangrun einstaklinga um allt land. Nánari upplýsingar um þessi verkefni er einnig hægt að nálgast á heimasíðu Rauða kross Íslands, [raudikrossinn.is](http://raudikrossinn.is)

**Önnur verkefni sem eru þörf og skemmtileg en eru ekki á vegum rauða krossins eru:**

**Hjólavinir:** það er á vegum hjúkrunarheimilisins. Þeir sem vilja gerast hjólavinir hafa samband við hjúkrunarheimilið. Hér er um að ræða reiðhjólaféð á flotta reiðhjólínu sem hjúkrunarheimilið eignaðist fyrir nokkru síðan. Gefur fólki tækifæri til að fara út og njóta um leið umhverfisins og félagsskapar. Lestarfólk í grunnskólanum: er á vegum grunnskólans og þeir sem vilja gerast lestrar ömmur/afar/mömmur/pabbar/frænkur/frændur geta haft samband við skólastjóra grunnskólans. Viðkomandi fer í grunnskólann og hlustar á börnin lesa á skólatíma.

Rauðakrossdeildin er að leita að húsnæði til leigu undir starfsemi sína. Hugmyndin er að vera með aðstöðu fyrir fólk til að hittast, fyrir fundi og minni námskeið en einnig undir fataverslun fyrir notuð fót eins og var hér eitt sinn um árið.



Vilt þú gerast sjálfbóðaliði? Það er alltaf þörf á sjálfbóðaliðum í hin ýmsu verkefni. Allir yfir 18 ára eru velkomnir að taka þátt í starfinu með okkur. Endilega hafið samband við Eyrúnu Axelsdóttur formann deildarinnar eða Hildi Ýr Ómarsdóttur verkefnastjóra um nánari upplýsingar. Svo er gaman að segja frá því að fésbókar síða fyrir deildina er komin í loftið, þetta er like - síða þar sem hægt er að fylgjast með starfi deildarinnar.

Í lokin viljum við koma því á framfæri að sjálfbóðið starf er jafn sterkt og sjálfbóðaliðarnir gera það. Þeirra störf eru ómetanleg og þörfin er mikil. Á þessum skritnu tímum sem við höfum verið að ganga í gegnum undanfarið ár hefur sýnt okkur hversu mikil einangrun hefur áhrif á líf okkar og hversu miklar félagsverum við erum. Hjálpum náunganum, styðjum hvort annað.

*Rauði krossinn í Hornafirði.*



Hvítasunnukirkjan  
**Lifandi vatn**  
- Lifandi kirkja fyrir alla -

Sunnudaginn 14. mars 2021 kl. 17:00  
**Orð Guðs í daglegu lífi**  
- Ræðumaður -  
Matthildur Unnur Þorsteinsdóttir

Kynning á kristinni trú og hvernig hægt er að nýta sér orð Guðs í daglegu lífi.

Á sunnudaginn kemur verðum við með lifandi tónlist í notalegu andrúmslofti.

Prédikunin er blanda af Guðs orði og reynslusögum úr lífi Matthildar.

**Sjáumst Hress!**

**Samkomur sunnudaga**  
Klukkan 17:00

**Bænastundir fimmtudaga**  
Klukkan 19:30

Fylgist með okkur á Facebook  
Hvítasunnukirkjan Lifandi Vatn




## BÆJARMÁLAFUNDUR

Sjálfstæðisfélagið auglýsir bæjarmálafund laugardaginn 13. mars kl. 10:30 í Sjallanum. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir og kaffi á könnunni.

Stjórnin

D

## Kæru Hornfirðingar

Nú fer senn að liða að Alþingiskosningum og eru flest framboð farin að huga að framboðslistum. Ég hef ákveðið að gefa kost á mér í 2.-3. sæti í forvali VG í Suðurkjördæmi sem fer fram í byrjun apríl. Ég er tuttugu og tveggja ára, uppalin á Höfn en flutti til Reykjavíkur haustið 2018 til að hefja háskólanám í landfræði við Háskóla Íslands. Ég er formaður Ungra vinstri grænna og hef árum saman tekið þátt í að gefa ungu fólki stökkþrátt til að taka þátt og hafa áhrif á samfélagið sitt. Áður en ég flutti til Reykjavíkur tók ég virkan þátt í bæði nemendafélagi FAS og síðar Ungmennaráði Hornafjarðar þar sem ég var formaður og sá meðal annars um skuggakosningar í sveitarstjórnarkosningunum 2018 þar sem markmiðið var að auka lýðræðisvitund ungs fólks.



Mínar aðal áherslur eru þær að allar ákvarðanir verði teknar með tilliti til umhverfisins, náttúran á alltaf að njóta vafans. Staða ungs fólks er mér mikilvæg og nauðsynlegt er að koma ungu fólki að borðinu. Öll eigum við að hafa jöfn tækifæri á þjónustu, atvinnu og menntun, sama hvar á landinu við búum, hvers kyns við erum eða hvar við fæðumst. Málefni og réttindi minnihlutahópa eru mér ofarlega í huga, við þurfum að hlúa að öllum. Það þarf að styrkja byggðir á öllu landinu og útrýma öllum einbreiðum brúm.

Mér þætti vænt um ef ég fengi stuðning Hornfirðinga í þessu kjöri og hvet ykkur sem áhuga hafa að skrá ykkur í hreyfinguna og taka þátt í því að koma ungunum Hornfirðingi í kjörstöðu til að tala máli Hornfirðinga og ungs fólks innan kjördæmisins á stærri vettvangi. Ef þið hafið áhuga, ekki hika við að hafa samband og við ræðum málin!

Sigrún Birna Steinarsdóttir

## Handstöðunámskeið og Liðleika- og Kinstretchnámskeið

LAUGARDAGINN 27. MARS

Handstöðunámskeið frá kl.12:00-15:00

Liðleika og Kinstretch námskeið frá kl. 15:30-17:30

### HANDSTÖÐUNÁMSKEIÐ

Lærðu undirstöðuatriði handstöðunnar á þessu námskeiði.

Námskeiðið hentar öllum og fá allir persónulega handleiðslu miðað við þeirra getu. Handstaðan verður byggð upp frá grunni miðað við byrjunarreit hvers og eins.

**Verð: 15.000 kr**

Kennari: Helgi Freyr

### LIÐLEIKA OG KINSTRETCHNÁMSKEIÐ

Kinstretch er æfingakerfi hannað af Dr. Andreo Spina og er notað um allan heim til þess að bæta hreyfigetu fólks.

Á námskeiðinu munum við fara yfir leiðir til þess að bæta liðleika skipulega, mismunandi tegundir liðleika og hvernig við greinum skort á liðleika.


**Verð: 10.000 kr**

Kennari: Helgi Freyr

**Verð á bæði námskeið: 20.000 kr**

Nánari upplýsingar á viðburðinum "Primal handstöðu og liðleikanámskeið á Höfn" á facebook.

Skráning á <https://kinstretch.helgifreyr.is/namskeid-a-hofn/>



BEIKON  
BORGARA  
MÁLTÍÐ

Bacon burger meal

1.749 kr.



\*0,5 lítri af gosi frá CCEP fylgir með  
Tilboð gildir út mars 2021

N1 Höfn



Nesti